

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

*Deiliskipulag frístundasvæðis úr landi Miðdals, frístundalóð við Silungatjörn, þjóðskrár-nr. 9000-2150.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundasvæðis úr landi Miðdals, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 8. desember 2004.

Skipulagstillagan nær til frístundalóðar sem er 0,67 ha að stærð sem er austan við Silungatjörn. Lóðin nær að vatnsbakka.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Deiliskipulag Blikastaðanes.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag fyrir Blikastaðanes, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 8. desember 2004.

Heimil verður uppbygging á 9 viðbótarbrautum við golfvöll Golfklúbbsins Kjarar, fram-tíðaruppbyggingu mannvirkja fyrir klúbbinn, jafnframt því sem lagðir verða stígar um landið. Samhliða uppbyggingu á golfbrautunum verður heimilt efnisnám allt að 150 þús. m<sup>3</sup>, samkvæmt nánari skilmálum í skipulagsgreinargerð og samningum þar að lútandi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 28. febrúar 2005.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.